

HÖFUÐLÚS

Höfuðlús er lítið skorkvikindi sem hefur aðlagð sig manningum og lifir sníkjulífi í mannshári á höfði og nærast á því að sjúga blóð úr hársverðinum. Hún er ekki talin bera neina sjúkdóma og því skaðlaus hýslinum. Allir geta smitast en staðfest smit er algengast hjá 3-12 ára börnum. Höfuðlúsasmit er ekki talið bera vitni um sóðaskap.

- 1) Mikilvægt að vera vakandi og bregðast strax við smitinu, með viðurkenndum aðferðum.
- 2) Höfuðlús er skráningarskyldur sjúkdómur og safna Heilsugæslustöðvar, hver á sínu svæði og skólahjúkrunarfræðingar upplýsingum um lúsasmit og send til sóttvarnalæknisembættisins, einu sinni í mánuði.
- 3) Almennungur er beði um að tilkynna um lúsasmit til sinnar heilsugæslustöðvar.

Meðferð við höfuðlús

- 1) Að setja efni í hárið sem drepur lúsina og endurtaka þá meðferð þegar 7 dagar eru liðnir frá hinni fyrri. Mælt er með:
 - 2) Frá 2 ára aldri er áhrifaríkast að nota alkóhóllausnir efnanna; setja þær í þurrt hárið og láta þær þorna eðlilega (ekki nota hárfurru þ.e. efnin eru eldfim) og vera í hárinu í 8-12 klst. Endurtaka meðferð eftir 7 daga.
 - 3) Fyrir einstaklinga með astma, exem, rofna húð og börn yngri en 2 ára skal nota vatnslausnir efnanna; setja í þurrt hárið og láta þorna og vera í hárinu í 12 klst. Endurtaka þessa meðferð eftir 7 daga.
 - 4) Mikilvægt er að fara nákvæmlega eftir leiðbeiningum un notkun efnanna.
 - 5) Fyrir barnshafandi konur og konur með börn á brjósti er Malathion í alkóhóllausn eða vatnslausn (Prioderm) talin örugg meðferð. Ekki er mælt með notkun Pemethrinum hársápu (NIX) hjá þessum hópi þar sem áhrif hennar hafa ekki verið rannsökuð.
-
- 1) Samhliða skal kemma hárið með lúsakambi daginn eftir að lúsamedalið var sett í hárið og kemma síðan fjórum sinnum næstu tvær vikur.
 - 2) Ef meðferð á að skila árangri og til að komið sé í veg fyrir endursmit, þarf að skoða aðra heimilismenn og nána vini (kemma með lúsakambi) til að kann hvort að þeir eru einnig með lús. Ef lús finnst hjá þeim skal meðhöndla þá samtímis, með lúsadrepani efni og kemmingu.
 - 3) Aldrei má nota fyrirbyggjandi meðferð við höfuðlús þar sem það eykur líkur á myndun ónæmis fyrir lyfjunum.
 - 4) Fylgjast þarf með hársveriðnum eftir vel heppnaða meðferð? Endursmit getur átt sér stað ef smitmiðillinn er ennþá í umferð.
 - 5) Ef kláði var til staðar fyrir meðferð getur tekið nokkurn tíma fyrir hann að hverfa. Áframhald kláða í einhvern tíma eftir meðferð þýðir það ekki endilega að lúsín sé komin á ný. Ef kláðinn verður viðvarandi er mælt með að viðkomandi leiti lækni.

Nánari upplýsingar eru að finna á vef <http://www.landlaeknir.is>

Með vinsemd og virðingu
Kennarar á Grænuvöllum.